

Fundur í fagdeild fimmtudaginn 6. maí 2021

Viðstaddir: Viðstaddir: Jens Ruminy, Kristín Waage, Jónas Sigurðsson, Steinunn Harðardóttir og Vilborg Anna Björnsdóttir.

Þrjú mál lágu fyrir fundinum.

1. Formaður Leiðsagnar hefur boðað formann fagdeildar til fundar með Magnúsi Norðdahl um lög Leiðsagnar, sérstaklega hvað varðar stöðu og hlutverk fagdeildar.
2. Hugsanlegur fundur fyrir fagdeildarfélaga í maí 202
3. Fagdeild boði til fundar með fagráði.

Fyrsta mál á dagskrá var *fundur, sem formaður hefur boðað til um lög Leiðsagnar, sérstaklega hvað varðar stöðu og hlutverk fagdeildar*. Kristín gerði grein fyrir því að hún hefði sagt Pétri Gauta formanni, að þau, sem hefðu dregið vagninn við lagabreytingarnar væru Jens Ruminyjens og Steinunn Harðardóttir. Pétur sagði fundinn þegar orðinn all fjölmennur en rúm væri fyrir einn til viðbótar. Niðurstaðan varð sú að Jens mun taka þátt í fundinum, sem verður á Zoom. Kristín ætlar að láta Pétur Gauta vita af niðurstöðunni og biðja hann um að senda fundarboð til Jens.

Næst var rætt hvort við gætum *hugsanlega boðað til fagdeildarfundar í maí*. Horfur eru á því að tilslakanir á fjöldatakmörkunum verði tilkynntar í næstu viku og voru fundarmenn sammála um að gott væri að halda fund sem fyrir lok maí.

Fundarefni yrði fyrst og fremst að kynna fyrir fagdeildarfélögum hvað við höfum verið að gera sl 12 mánuði og fara yfir lagabreytingartillögur okkar. Rætt var um að e.t.v. gætum við haft þetta vinnufund, en líklegt er að það gangi ekki upp vegna fjöldatakmarkana. Líka kom fram sú hugmynd að við gætum e.t.v. boðið á fundinn fulltrúa fagdeildar sem væri svipuð að uppbyggingu og samhengi við stéttarfélag og okkar. Lagt var til að fundur yrði haldinn 26. maí n.k. og yrði sendur póstur til allra þeirra, sem höfðu greitt fagdeildargjald í síðasta lagi á eindaga 1.5. sl.

Að lokum var rætt um að boða til fundar með fagráði til að fara yfir verksvið hvorrar einingu fyrir sig. Tilgangurinn með þessu væri sá að skerpa á verkaskiptingu okkar en jafnframt ganga úr skugga um að öllum verkefnum sé

sinnt og ekkert liggi utangarðs og hvor einingin fyrir sig telji að það sér verksvið hinna að sinna því. Kristín tók að sér að hafa samband við Jakob S. Jónsson og kanna hvort hann og Indriði H. Þorláksson gætu mætt til fundar þriðju- eða miðvikudagseftirmiðdag í næstu viku.

Fleira var ekki rætt.